



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 31. ágúst 2026

MSS26070006

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um áhrif hagræðinga- og breytingatillagna á stjórnskipulagi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Á fundi borgarráðs 16. júlí 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingar:

„Í tengslum við nýafstaðnar skipulagsbreytingar og hópuppsagnir á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, þar sem tilkynnt var að spara ætti 280 til 320 milljónir króna árlega, er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum til að varpa ljósi á raunveruleg fjárhagsleg og fagleg áhrif aðgerðanna:

- 1. Hvað er fækkað um mörg stöðugildi? Greint hefur verið frá því að 18 starfsmönnum hafi verið sagt upp, en að fyrirhugað sé að ráða í 6 til 7 ný störf á skrifstofunni. Er það rétt að nettófækkun starfsmanna sé einungis 11 til 12 manns þegar upp er staðið, og ef svo er, hvernig gengur það reikningsdæmi upp við boðaðan 280 til 320 milljóna króna árlegan sparnað?*
- 2. Hver er áætlaður kostnaður við útvistun? Meirihlutinn hefur boðað að tilteknum verkefnum skrifstofunnar verði útvistað til einkaaðila. Hvaða verkefni eru þetta, hvaða fjárhæðir er áætlað að greiða í verktakakostnað vegna þeirra á ári og hefur sá kostnaður verið dreginn frá yfirlýstum sparnaði?*
- 3. Hver er raunkostnaður vegna uppsagnarfrests? Hver er áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna launa á uppsagnarfresti þeirra starfsmanna sem sagt var upp, og hvenær munu yfirlýstir sparnaðarliðir raunverulega byrja að koma fram í bókhaldinu?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. ágúst. sl.

Svar:

- 1. Hvað er fækkað um mörg stöðugildi? Greint hefur verið frá því að 18 starfsmönnum hafi verið sagt upp, en að fyrirhugað sé að ráða í 6 til 7 ný störf á skrifstofunni. Er það rétt að nettófækkun starfsmanna sé einungis 11 til 12 manns þegar upp er staðið, og ef svo er, hvernig gengur það reikningsdæmi upp við boðaðan 280 til 320 milljóna króna árlegan sparnað?*

Tillögurnar höfðu áhrif á 27 af 41,8 stöðugildum á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og undirskrifstofunum tveimur. Níu störf voru færð á önnur svið vegna verkefna sem fylgja þeim. Fækkað var um 18 störf en gert er ráð fyrir að ráða nokkur störf eftir því sem skipulagsbreytingum vindur fram. Með fækkun starfsfólks, niðurlagningu verkefna og tilfærslu verkefna á önnur svið er áætlað að markmið breytinganna um lækkun rekstrarkostnaðar náist þegar innleiðingu þeirra er lokið.



Reykjavík



2. *Hver er áætlaður kostnaður við útvistun? Meirihlutinn hefur boðað að tilteknum verkefnum skrifstofunnar verði útvistað til einkaaðila. Hvaða verkefni eru þetta, hvaða fjárhæðir er áætlað að greiða í verktakakostnað vegna þeirra á ári og hefur sá kostnaður verið dreginn frá yfirlýstum sparnaði?*

Líkt og fram kom í greinargerð með tillögunni sem samþykkt var í borgarráði að þá verður samskiptamálum útvistað í meira mæli en áður til að tryggja að árangur náist með sérhæfðari nálgun á hverjum tíma. Áætlaður kostnaður verður metinn við gerð fjárhagsáætlunar og á móti verður dregið úr öðrum verktakakostnaði.

3. *Hver er raunkostnaður vegna uppsagnarfrests? Hver er áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna launa á uppsagnarfresti þeirra starfsmanna sem sagt var upp, og hvenær munu yfirlýstir sparnaðarliðir raunverulega byrja að koma fram í bókhaldinu?*

Kostnaður vegna uppsagnarfrests felst í launakostnaði sem þegar hafði verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skrifstofunnar. Endanleg áhrif liggja ekki að fullu fyrir þar sem þau ráðast af uppsagnarfresti og réttindum einstakra starfsmanna. Fjárhagsleg áhrif skipulagsbreytinganna munu koma fram smám saman og er gert ráð fyrir að full áhrif þeirra komi fram þegar innleiðingu er lokið og uppsagnarfrestir runnir út.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari